



## Verklagsreglur vegna Umhverfisviðurkenninga Mosfellsbæjar

### Verklag

1. Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar veitir árlega viðurkenningar þeim einstaklingum, gördum, götum, svæðum, stofnunum, félagasamtökum eða fyrirtækjum sem hafa skarað fram úr í umhverfismálum að mati nefndarinnar.
2. Ekki eru veittar viðurkenningar í einstökum flokkum, heldur metur umhverfisnefnd Mosfellsbæjar hverjir hljóta skulu þær.
3. Að jafnaði eru veittar allt að fimm viðurkenningar á hverju ári.
4. Almennigur getur sent inn tilnefningar fyrir 1. ágúst ár hvert.
5. Tilnefningar má senda rafrænt í gegnum heimasíðu Mosfellsbæjar eða með tölvupósti á [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is)
6. Garðyrkjustjóri Mosfellsbæjar og umhverfisstjóri Mosfellsbæjar fara yfir tilnefningar og meta hverjar þeirra komi til greina.
7. Gildar tilnefningar eru lagðar fyrir umhverfisnefnd til skoðunar og velur nefndin þá aðila sem hljóta umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar ár hvert.
8. Umhverfisviðurkenningar eru afhentar á bæjarhátíðinni „Í túninu heima“ sem haldin er í lok ágústmánaðar ár hvert.

## Matsforsendur

Þær matsforsendur sem hægt er að horfa til þegar tilnefningar til umhverfisviðurkenninga eru metnar.

### 1. Ásýnd umhverfis

Hvernig er heildarásýnd umhverfis? Er umhverfi og byggingar fallett og snyrtilegt?

### 2. Umhirða lóðar

Hvernig er umhirða á lóðinni sjálfri, er gras slegið vel og reglulega, baklóð?

### 3. Umhirða trjágróðurs, blóma og beða

Hvernig er umhirða trjágróðurs, er trjágróður vel klipptur og snyrtur, eru blóm og beð vel hirt?

### 4. Áhersla á umhverfismál

Er áhersla lögð á umhverfismál, er hugað að úrgangsmálum og mengunarvörnum?

### 5. Staða úrgangsmála og mengunarvarna

Er úrgangur enduruninn, endurnýttur, takmarkaður? Eru mengunarvarnir í lagi?

### 6. Umhverfisstefna

Hefur fyrirtækið/stofnunin skjalfesta umhverfisstefnu sem framfylgt er?

### 7. Umhverfisstjórnun

Hefur fyrirtækið/stofnunin komið á fót umhverfisstjórnun eða innra eftirliti með umhverfismálum?

### 8. Vistvæn starfsemi

Hefur fyrirtækið/stofnunin lagt áherslu á vistvæna starfsemi, s.s. í vöruþróun, framleiðslu eða innkaupum?

### 9. Til fyrirmyndar í umhverfismálum

Hefur aðili verið til fyrirmyndar í umhverfismálum, svo sem varðandi náttúruvernd, úrgangsmál eða góða umgengni.

### 10. Frumkvöðlar.

Hefur aðili verið frumkvöðull eða leiðandi á sviði umhverfismála, og þannig hvatt aðra í kringum sig að taka þátt í umhverfismálum.